

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, íþróttasvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í því að skipulag íþróttasvæðis ofan Austurvegar sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota breytist þannig að fimmtungur svæðisins, þ.e. svæði sunnan og austan núverandi aðalvallar og þ.m.t. tjaldstæði bæjarins breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem gert er ráð fyrir fjölnota íþróttahúsi.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. júní 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2007